

REGLUR

um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Kröfur um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi, skv. 26. og 84. gr. laganna.
- b. Gögnin sem viðskiptastaðir eiga að birta um gæði framkvæmdar viðskipta, skv. 48. gr. laganna.
- c. Árlega birtingu verðbréfafyrirtækja á upplýsingum um auðkenni viðskiptastaða og gæði framkvæmdar, skv. 48. gr. laganna.
- d. Töku fjármálagerninga til viðskipta, skv. 92. gr. laganna.
- e. Tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum, skv. 57. og 93. gr. laganna.
- f. Snið og tímasetningu tilkynninga og birtingar á tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum, skv. 57. og 93. gr. laganna.
- g. Akvörðun um mikilvægi markaðar með tilliti til seljanleika í tengslum við tilkynningar um tímabundna stöðvun viðskipta, skv. 83. og 93. gr. laganna.
- h. Hlutfall óframkvæmdra tilboða miðað við viðskipti í því skyni að koma í veg fyrir ótillhlýðilegar viðskiptaaðstæður, skv. 85. gr. laganna.
- i. Pakkafyrirmæli, skv. 9. gr. MiFIR.
- j. Skyldu til að halda skrá um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga, skv. 25. gr. MiFIR.
- k. Skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda, skv. 26. gr. MiFIR.

2. gr.

Tilvísanir.

Áætlun um viðskiptavakt: Tilvísanir í reglum þessum til áætlunar um viðskiptavakt skv. 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til áætlunar um viðskiptavakt, skv. 26. og 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Beinn rafrænn aðgangur: Tilvísanir í reglum þessum til beins rafræns aðgangs eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til beins rafræns aðgangs eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Bindandi skriflegur samningur: Tilvísanir í reglum þessum til bindandi skriflegs samnings eins og um getur í b-lið 3. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skriflegs samnings, skv. 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. og 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Pöruð miðlaraviðskipti: Tilvísanir í reglum þessum til paraðra miðlaraviðskipta (e. matched principal trading), sbr. 38. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skal skilja sem tilvísun til jafnaðra eigin viðskipta, skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skylda til að mynda seljanleika: Tilvísanir í reglum þessum til skyldu verðbréfafyrirtækja til að mynda seljanleika með reglubundnum og fyrirsjáanlegum hætti eins og mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skyldu, skv. 1. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðskipti fyrir eigin reikning: Tilvísanir í reglum þessum til viðskipta fyrir eigin reikning skv. 6. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til viðskipta fyrir eigin reikning, skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðskipti sem draga úr áhættu: Tilvísanir í reglum þessum til viðskipta sem draga úr áhættu á hátt sem unnt er að mæla hlutlægt í samræmi við 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til áhættustýringar, skv. 100. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fjármálagerningur skv. 4. til 10. lið C-þáttar I. viðauka MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fjármálagernings samkvæmt 4. til 10. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til afleiða skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fjármálagerningur skv. 5., 6., 7. og 10. lið C-þáttar I. viðauka MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fjármálagerninga samkvæmt 5., 6., 7. eða 10. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til afleiða, skv. b-, c-, d-, eða g-lið 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Framseljanlegt verðbréf í skilningi a-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til framseljanlegra verðbréfa í skilningi a-liðar 44. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfa, skv. a-lið 64. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Framseljanlegt verðbréf í skilningi b-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til framseljanlegra verðbréfa í skilningi a-liðar 44. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfa, skv. b-lið 64. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Losunarheimildir skv. 11. lið C-þáttar I. viðauka MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til losunarheimilda samkvæmt 11. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til losunarheimilda, skv. h-lið 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Upplýsingar sem krafist er skv. tilskipun 2003/71/EB: Tilvísanir í reglum þessum til upplýsinga sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/71/EB skal skilja sem tilvísanir til upplýsinga sem krafist er skv. lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Verðbréf skv. c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfs skv. c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfs skv. c-lið 64. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfafyrirtækis sem fellur undir 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP): Tilvísanir í reglum þessum til sameinaðra viðskiptaupplýsinga sem komið var á fót skv. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skv. 110. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 1-15 og 41-46, nr. 78 frá 9. desember 2021 bls. 323-363, nr. 4. frá 17. janúar 2022 bls. 1-30 og 39-46 og nr. 16 frá 10. mars 2022 bls. 1-5, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/566 frá 18. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir hlutfall óframkvæmdra tilboða miðað við viðskipti í því skyni að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/568 frá 24. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum mörkuðum.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/569 frá 24. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlits-

- staðla fyrir tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/570 frá 26. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða um mikilvægi markaðar með tilliti til seljanleika í tengslum við tilkynningar um tímabundna stöðvun viðskipta.
 5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/575 frá 8. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla varðandi gögnin sem viðskiptastaðir eiga að birta um gæði framkvæmdar viðskipta.
 6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/576 frá 8. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir árlega birtingu verðbréfafyrirtækja á upplýsingum um auðkenni viðskiptastaða og gæði framkvæmdar.
 7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. (ESB) 2017/578 frá 13. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi.
 8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga.
 9. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda.
 10. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1005 frá 15. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og tímasetningu tilkynninga og birtingar á tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga.
 11. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2194 frá 14. ágúst 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar pakkaþyrmsmáli.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 26. gr., 12. mgr. 48. gr., 6. mgr. 57. gr., 5. mgr. 83. gr., 4. mgr. 84. gr., 3. mgr. 85. gr., 5. mgr. 92. gr., 9. mgr. 93. gr. og 1., 19. og 20. tölulið 145. gr. laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.

Seðlabanka Íslands, 5. júní 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.